



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Borgarnesi 19.02 2018

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi mánudaginn 19 mars 2018. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá mánudaginn 19 mars verður sem hér segir:

- Kl.09.30 Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
- Kl.10.15 Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
- Kl.11.15 Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
- Kl.12.15 Hádegisverður
- Kl.13.00 Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
- Kl.14.00 Kynning á rekstri Vesturlandsstofu og vinnu við Áfangastaðaáætlun DMP
- Kl.15.00 Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi
Hér undir verður lagður fram ársreikningur þjónustusvæðis Vesturlands um málefni fatlaðra.

Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar, félaga og rekstrareininga, sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2017 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2017 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2018.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV